 Sjávarútvegsþjónustan	Samfélagsverkefni gegn spillingu Sjávarútvegsþjónustan ehf. Tölvupóstfang: valdimar@sjavarutvegur.is Sími: 695 2269		
Heiti greinar:	Eignarhald í laxeldi á Íslandi		
Höfundur:	Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur		
Leiðbeiningar nr: 3	Dagsetning útgáfu: 25.04.2023	Vefsíða verkefnisins: lagareldi.is	Heimildir: sjavarutvegur.is

Í september 2022 var lögð fram í annað sinn þingsályktunartillaga um eignarhald í laxeldi þar sem lagt var til að Alþingi feli matvælaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að:

- koma fram með tillögur um hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds á laxeldisleyfum,
- skoða hvort takmarka eigi eignarhald erlendra aðila á laxeldisleyfum.

Ferlið hófst með stefnumótun í fiskeldi og afrakstur þeirra vinnu var Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem gefin var út í ágúst 2017. Umhugsunarvert er að í opinberri stefnumótun fyrir fiskeldi að íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta hafi gefist kostur á því að varða leiðina að miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir sjálfan sig og erlenda fjárfesta.

Á þessum tíma voru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlendra aðila og í framhaldinu þurfti að vinna að því að koma í veg fyrir að takmarkanir yrðu settar á erlent eignarhaldi og stærð laxeldisfyrirtækja.

Eignarhald í sjókvíaelði var hvorki tekið fyrir í fiskeldisfrumvörpunum á árinum 2018 og 2019 eða í greinargerðum sem fylgdu með þeim. Í umsögnum við fiskeldisfrumvörpin komu athugasemdir um erlent eignarhald og krafa um að skoðað væri lögmæti og jafnframt hvernig þessu væri háttáð í nágrenni löndum. Engin umræða var um eignarhald þegar fiskeldisfrumvörpin voru til meðferðar á Alþingi Íslendinga á árunum 2018 og 2019.

Fljótlega eftir að Alþingi samþykkti lög um fiskeldi fóru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlendra aðila á erlendan hlutabréfamarkað. Íslenskir firðir eru auðlindin og verðmæti eldisleyfa þriggja laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila, Arnarlax, Arctic Fish og Fiskeldis Austfjarða, var áætluð rúmum 100 milljarða ISK í lok ársins 2021.

Margt bendir til að markaðsverð á laxi muni áfram vera mjög hátt og almennt góð afkoma í greininni. Það munu laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila nýta sér, halda á lofti á næstu árum háu samfélagspori félaganna í þeirri viðleitni að kæfa gagnrýni um þá spillingu sem hefur viðgengist við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Jafnframt þannig draga athygli frá miklum fjárhagslegum ávinningi íslenskra fulltrúa erlendra fjárfesta og erlendra eigenda laxeldisfyrirtækjanna.

Í september 2022 var lögð fram í annað sinn þingsályktunartillaga um eignarhald í laxeldi þar sem lagt var til að Alþingi feli matvælaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að:¹

- koma fram með tillögum um hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds á laxeldisleyfum,
- skoða hvort takmarka eigi eignarhald erlendra aðila á laxeldisleyfum.

Þá er í tillögunni mælt fyrir um að ráðherra leggi niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar en 30. september 2023.

Þingsályktunartillagan hefur verið til umsagnar og vekur athygli umsögn Kjartans Ólafssonar, stjórnarformanns Arnarlax.² Skoðum nú málið nokkur ár aftur í tímann til dagsins í dag.

Um hvað snýst málið

Íslenskir firðir voru og eru auðlind sem er forsendan að hægt sé að vera með laxeldi í sjókvíum. Í skýrslunni Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings³ er rakið hvernig félagið vann að því að ná sem flestum eldissvæðum til að skapa grunn undir mikinn fjárhagslegan ávinning. Á þessum tíma voru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlendra aðila og í framhaldinu þurfti að vinna að því að koma í veg fyrir að takmarkanir yrðu settar á erlent eignarhald og stærð laxeldisfyrirtækja. Kjartan Ólafsson og Guðmundur Gíslason forstjóri Fiskeldis Austfjarða og fyrrverandi stjórnarformaður félagsins komu sér inn í opinberan stefnumótunarhóp fyrir fiskeldi á árinu 2016 sem fulltrúar atvinnugreinarinnar (og erlendra fjárfesta).⁴ Í stefnumótuninni tókst þeim að koma í veg fyrir að hindranir yrðu settar um erlent eignarhald⁵ og stærð laxeldisfyrirtækja.⁶ Málið snýst nú um að verja núverandi fyrirkomulag um eignarhald og stærð fyrirtækja enda miklir fjárhaglegir hagsmunir undir.

Íslendingar vildu ekki fjárfesta

Ítrekað kemur fram í viðtölum við fulltrúa erlendra fjárfesta að gengið hafi verið á milli manna hér á landi til að fá þá sem fjárfesta í laxeldisfyrirtækjum án árangurs. Mikilvægt er

Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture).



¹ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/153/122/?ltg=153&mnr=122>

² <https://www.althingi.is/alttext/erindi/153/153-4271.pdf>

³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/09/Arctic-fish.pdf>

⁴ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>


⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/18.-Morgunbladid-2021-10-12.pdf>

⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/17.-Morgunbladid-2021-09-27.pdf>

að hafa í huga að það var verið að bjóða fjárfestum mismunandi valkosti allt eftir tímasetningu tilboðanna:⁷

- a) *Fjárfesta í rekstri*: Fyrir stefnumótun starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í fiskeldi sem gefin var út 2017 var verið að bjóða að fjárfesta í rekstrinum.
- b) *Fjárfesta í eldisleyfum*: Eftir stefnumótunina og ekki minnst eftir að lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 var aðallega verið að bjóða að fjárfesta í eldisleyfum.

Það var á árinu 2016 og jafnvel fyrr að íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta voru byrjaðir að skoða þann möguleika að gera eldisleyfin að verðmætum með því skrá laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað. Fram til 2016/2017 var því verið að bjóða íslenskum fjárfestum að fjárfesta í rekstri laxeldisfyrirtækja, en þar var um allt aðra arðsemi að ræða en síðar.



Stefnumótunin – Grunnurinn lagður

Ferlið hófst með stefnumótun í fiskeldi og afrakstur þeirra vinnu var Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá ágúst 2017.⁸ Umhugsunarvert er að í opinberri stefnumótun fyrir fiskeldi að íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta hafi gefist kostur á því að varða leiðina að miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir sjálfan sig og sín fyrirtæki með að koma í veg fyrir að hindranir væru settar um eignarhald og stærð fyrirtækja. Það var snemma ljóst að hverju var stefnt og í einni fundargerð stefnumótunarhópsins spyr fulltrúi Landsambands veiðifélaga um verðmat á Arnarlaxi og svaraði Kjartan Ólafsson því að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða.⁹ Um þau vinnubrögð sem voru viðhöfð er m.a. fjallað um í eftirfarandi rannsóknaskýrslunum höfundar:

- Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan¹⁰
- Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi¹¹

Eignarhald

Í vinnu stefnumótunarhópsins var varpað fram þeirri spurningu hvort rétt væri að setja tiltekin skilyrði um eignarhald erlendra aðila eins og gert er í Færeyjum. Niðurstaðan var að lagt var til að setja ekki takmarkanir á erlent eignarhald á laxeldisfyrirtæki að virðist án mikilla umræðu. Til að tryggja sem bestan aðgang erlendra aðila að auðlindinni íslenskri firðir var lagt til að útboð eldisleyfa væru alþjóðleg. Í stefnumótunarskýrslunni er því velt fyrir sér hvort hagnaður laxeldisfyrirtækja sem lúta erlendu eignarhaldi sér fluttur úr landi og eigendur ráðstafi honum erlendis.¹² Það er í rauninni að raungerast og um það og fleira er tengist eignarhaldi, stærð fyrirtækja og fjárhagslegum ávinningi er tekið fyrir í köflum 10, 11 og 12 í rannsóknaskýrslunni Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.¹³

⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/08/24.-Morgunbladid-2022-08-03.pdf>

⁸ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b5-87fa-11e7-9419-005056bc4d74>

⁹ Fundargerð starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi þann 10.02.2017

¹⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

¹¹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

¹² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

¹³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

Fiskeldisfrumvarpið 2018

Áður en fiskeldisfrumvarpið var lagt fyrir þingið var kallað efir umsögnum í janúar 2018. Þá strax var bent á að ekkert væri nefnt í frumvarpsdrögum um eignarhald sjókvíaeldis (viðauki 1):

„Þá væri full ástæða til að ráðuneytið gerði grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku í færeysku sjókvíaeldi. Að fjalla ekkert um þessi mikilvægu atriði er ekki boðlegt á Alþingi“.

Ekki var tekið tillit til þessara athugasemda og var fiskeldisfrumvarpið lagt fram á vorþingi án þess að komið væri inn á eignarhald laxeldis í sjókvíum hvorki í frumvarpinu sjálfu eða greinagerð með því. Tveir umsagnaraðilar komu inn á eignarhald í sjókvíaeldi í umsögnum sínum þegar það var lagt fram á þinginu og þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Kanna þarf hvort meirihlutaeign útlendinga í eldisfyrirtækjum standist stjórnarskrá og gildandi lög um aðgengi að notkun sjávar í íslenskri landhelgi Þá er full ástæða til að ráðuneytið gerði grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku bæði í færeysku og norsku sjókvíaeldi“.¹⁴

„Hvort meirihlutaeign erlendra aðila í eldisfyrirtækjum sé í samræmi við stjórnskipunarlög sem og gildandi lög um aðgengi að notkun sjávar í íslenskri landhelgi“.¹⁵

Tiltölulega lítil umræða var á þinginu um fiskeldisfrumvarpið og engin um eignarhald.¹⁶

Fiskeldisfrumvarpið 2019

Gerðar voru ákveðnar breytingar á fiskeldisfrumvarpinu og kallað var eftir umsögnum í janúar 2019 og ítrekaði þá einn aðili fyrri athugasemd um eignarhald í sjókvíaeldi.¹⁷ Fiskeldisfrumvarpið var síðast lagt fram á vorþingi 2019 og ekkert var komið inn á eignarhald hvorki í frumvarpinu eða greinagerð sem fylgdi því. Í þremur umsögnum var gerð athugasemd um að eignarhald sjókvíaeldis væru ekki tekin fyrir (viðauki 1). Engin umræða var um eignarhald þegar fiskeldisfrumvarpið var tekið fyrir á þinginu og löggin voru síðan samþykkt í lok vorþings.¹⁸

Á erlendan markað til fjárhagslegs ávinnings

Fljótlega eftir að Alþingi samþykkti lög um fiskeldi fóru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlendra aðila á erlendan hlutabréfamarkað. Arnarlax¹⁹ var skráður á markað á árinu 2019, Fiskeldi Austfjarða²⁰ árið 2020 og Arctic Fish²¹ árið 2021. Laxar fiskeldi koma á markað í gegnum Fiskeldi Austfjarða sem hefur yfirtekið félagið. Verðmæti eldisleyfa þessara þriggja laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila var áætluð um 105 milljarða ISK í lok ársins 2021.²² Salmar sem er meirihlutaeigandi í Arnarlaxi lánaði Kjartani Ólafssyni fjármagn til að kaupa hlutabréf í félaginu og báðir hafa hagnast vel sem gert er grein fyrir í rannsóknaskýrslunni Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings.²³ Sérstök rannsóknaskýrsla hefur einnig verið gefin



¹⁴ <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-1518.pdf>

¹⁵ <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-1559.pdf>

¹⁶ <https://www.althingi.is/altext/upptokur/lidur/?lidur=lid20180410T193027>

¹⁷ [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=ca21fc50-631a-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=ca21fc50-631a-e911-944c-005056850474)

¹⁸ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=647>

¹⁹ <https://live.euronext.com/en/product/equities/NO0010724701-MERK>

²⁰ <https://live.euronext.com/en/product/equities/NO0010884794-MERK>

²¹ <https://live.euronext.com/en/product/equities/NO0010917719-MERK>

²² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

²³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/04/Arnarlax-april.2022.pdf>

út um Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings²⁴ en það á eftir að vinna sambærilega skýrslu fyrir Fiskeldi Austfjarða.

Þingsályktunartillagan

Stjórnvöld hafa gert fjölmörg mistök er varðar uppbyggingu laxeldis í sjókvíum hér á landi. Sumum þingmönnum hefur ekki litist á þróun mála og hafa því lagt tvisvar sinnum fram á Alþingi Íslendinga þingsályktunartillögu um eignarhald í laxeldi. Í greinagerð með þingsályktunartillögunni kemur m.a. fram:²⁵

„Hugsanlegt er að einn aðili eignist öll gild rekstrarleyfi og stýri þannig allri framleiðslu á eldisfiski og seiðaeldi á sjó og landi. Við það skapast sú hættu að einn aðili stjórni stórum landsvæðum með þeim afleiðingum að samfélög, sveitarstjórnir og stjórnvöld eigi meira undir honum en góðu hófi gegnir“.

Kjarninn tekur saman þrjár umsagnir þegar þingsályktunartillagan var fyrst lögð fram.²⁶ Í seinna skipti voru tvær umsagnir önnur frá Arnarlaxi²⁷ og hin frá Landvernd.²⁸



Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings

Viðauki við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“

Valdimar Ingi Gunnarsson

20.04.2022

Almannahagsmunir

Í umsögn Arnarlax við þingsályktunartillögunni kemur fram að fyrir takmörkunum á eignarhaldi þyrfti að vera afar ríkir almannahagsmunir sem ekki tækist að varðveita með öðrum hætti. Jafnframt kemur fram að vissulega eru ríkir og augljósir almannahagsmunir bundnir við verndun og hagkvæma nýtingu auðlinda og náttúru við strendur landsins.²⁹ Í þessu samhengi ber einnig að benda á almannahagsmuni er lýtur að Íslendingar njóti afraksturs af auðlindinni. Það hefur því miður ekki gengið eftir nema að litlu leiti þar sem erlendir eigendur og íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta hafa farið með félögin á erlendan markað, margfaldað verðmætin og margir innleyst arðinn með sölu hlutabréfa þar sem Íslendingar hafa keypt í miklu mæli. Um þetta er m.a. fjallað í rannsóknarskýrslunum:

- Stefnunótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan³⁰
- Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi³¹
- Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings³²
- Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings³³

Það er því búið að taka út stóran hluta af arðinum af auðlindinni sem hefði með réttu átt að renna til íslenskra skattgreiðenda.

Það verður reynt að draga athygli frá málinu

Það getur verið erfitt að spá fyrir verðþróun á laxi en markaðsverð hefur verið í hæstu hæðum undanfarin ár og margt bendir til þess að það verði tiltölulega lítil framleiðsluaukning og verð á

²⁴ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/09/Arctic-fish.pdf>

²⁵ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/153/122/?ltg=153&mnr=122>

²⁶ <https://kjarninn.is/frettir/samthjoppun-i-fiskeldi-haettuleg-eda-edlileg-throun/>

²⁷ <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4271.pdf>

²⁸ <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4258.pdf>

²⁹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4271.pdf>

³⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

³¹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

³² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/04/Arnarlax-april.2022.pdf>

³³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/09/Arctic-fish.pdf>

laxi því hátt og þannig áfram almennt mikill hagnaður hjá laxeldisfyrirtækjunum. Í umsögn Arnarlax við þingsályktunartillöguna er kynnt samfélagsspor félagsins fyrir árið 2022. Laxeldisfyrirtækin koma til með að halda á lofti á næstu árum háu samfélagspori félaganna í þeirri viðleitni að kæfa gagnrýni um þá spillingu sem hefur viðgengist við undirbúning og gerð laga um fiskeldi sem samþykkt voru á Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Draga þannig úr athygli frá miklum fjárhagslegum ávinningi íslenskra fulltrúa erlendra fjárfesta og erlendra eigenda laxeldisfyrirtækjanna.

Hlutverk fjölmiðla

Hér er mikilvægt að fjölmiðlar viðhafi faglega gagnrýni og bendi áfram á vafasöm vinnubrögð og spillingu sem hefur einkennt þetta mál. Á vef Íslandsdeildar Transparency International er spilling skilgreind eftirfarandi:³⁴

„Spilling er misbeiting á opinberu valdi til persónulegs ávinnings. Spilling þrífst þar sem eftirlit skortir, ákvarðanatataka er óljós og aðkoma og áhrif almennings eru lítil eða engin. Spillingu má fyrirbyggja með gagnsæi hvað varðar upplýsingar og gjörðir valdhafa, sem almenning getur skilið, treyst og fylgst með“.

Þetta voru þau vinnubrögð sem viðgengust við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og einnig eftir að löggin voru samþykkt. Þar léku lobbyistar stórt hlutverk og eflaust verður það sama reynt varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum um fiskeldi sem ráðgert er að tak fyrir á næsta ári. Höfundur vinnur núna að rannsóknaskýrslu um löggjafann og stjórnarsýsluna þar sem málið verður rekið allt frá því starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi var stofnaður fram til dagsins í dag og m.a. hvernig lobbyistar hafa unnið að framgangi málsins. Þessari vinnu höfundar líkur á þessu ári og rannsóknarskýrslan gerð aðgengileg fjölmiðlum og öðrum sem vilja kynna sér málið og ekki minnst veita stjórnámálamönnum og lobbyistum aðhald.

Að lokum

Höfundur hefur fylgst með framgangi þessa máls í nokkur ár. Það var þó ekki fyrr en árið 2021 að stigið var fram opinberlega og gerðar athugasemdir við erlent eignarhald³⁵ og stærð fyrirtækja.³⁶ Fyrirhugað er að koma með nýja stefnumótun fyrir fiskeldi í haust og gert er ráð fyrir að leggja þær fyrir Alþingi Íslendinga um vorið 2024. Áhugavert verður að fylgjast með því hvort lobbyistum tekst jafn vel að koma sínum málum fram á árinu 2024 og reyndin var við breytingu á lögnum á árinu 2019.



³⁴ <https://transparency.is/>

³⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/18.-Morgunbladid-2021-10-12.pdf>

³⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/17.-Morgunbladid-2021-09-27.pdf>

Viðauki 1. Umsagnir sem komu inn á eignarhald í fiskeldisfrumvörpunum 2018 og 2019

Tafla 1. Umsagnir við fiskeldisfrumvarpið sem kallað var eftir 30. janúar 2018 af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og koma inn á eignarhald sjókvíaeldis. Rafrænar heimildir fundust ekki á netinu og er því stuðst við útprentuð gögn sem tekin voru af netinu á árinu 2018.

Umsagnaraðili	Umsögn
Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið Laxinn lífi, nokkur veiðifélög og einstaklingar	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert er nefnt í frumvarpsdrögum um eignarhald sjókvíaeldis. Full ástæða er til að skoða innrás norskra eldisfyrirtækja á íslensk forráðasvæði með nánast ókeypiss afnotum af íslensku hafsvæði. Og til samanburðar skoða bann erlendra aðila til fiskveiða á þessu sama íslenska hafsvæði. Þá væri full ástæða til að ráðuneytið gerði grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku í færeysku sjókvíaeldi. Að fjalla ekkert um þessi mikilvægu atriði er ekki boðlegt á Alþingi.

Tafla 2. Umsagnir við fiskeldisfrumvarpið sem lagt var fyrir Alþingi Íslendinga á vörþingi 2018 er koma inn á eignarhald sjókvíaeldis.³⁷

Umsagnaraðili	Umsögn
Stangveiðifélag Reykjavíkur ³⁸	<ul style="list-style-type: none"> Með hliðsjón af þeim gríðarlegu hagsmunum sem eru undir í máli þessu, sem og sérákvæða er takmarka eignarhald erlendra aðila, t.a.m. í sjávarútvegi, verður að telja eðlilegt að skoðað verði hvort að setja eigi slíka takmörkun í fiskeldislögin, sbr. einnig með hliðsjón af 11. gr. frumvarpsins. Liggur enda fyrir að stærstu fiskeldisfyrirtæki þau er stunda sjókvíaeldi eru í eigu erlendra aðila. Er þá haft í huga að íslensk náttúra er undir í þessari fyrirhuguðu stóriðju.
Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið Laxinn lífi, nokkur veiðifélög og einstaklingar ³⁹	<ul style="list-style-type: none"> Mótmælt er innrás sjókvíaeldis útlendinga bakdyramegin inn í íslenska landhelgi í gegnum íslensk skráð hlutafélög. Kanna þarf hvort meirihlutaeign útlendinga í eldisfyrirtækjum standist stjórnarskrá og gildandi lög um aðgengi að notkun sjávar í íslenskrum landhelgi. Norskur eigandi Arnarlax hefði þurft að borga heima hjá sér 15 milljarða króna fyrir 10.000 tonna eldisleyfi sitt í Arnarfirði. Hér minna en 0,1% af leyfisgjaldinu í Noregi. Ekkert er nefnt í frumvarpinu um erlenda eignaraðild sjókvíaeldisins. Full ástæða er til að skoða innrás norskra eldisfyrirtækja á íslenskt forráðasvæði með nánast ókeypiss afnotum af hafinu innan íslenskrar landhelgi. Og til samanburðar skoða bann erlendra aðila til fiskveiða á þessu sama íslenska hafsvæði. Þá er full ástæða til að ráðuneytið gerði grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku bæði í færeysku og norsku sjókvíaeldi.

Tafla 3. Umsagnir við fiskeldisfrumvarpið á samráðsgáttinni í janúar 2019 er koma inn á eignarhald sjókvíaeldis.⁴⁰

Umsagnaraðili	Umsögn
Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið Laxinn lífi ⁴¹	<ul style="list-style-type: none"> Mótmælt er innrás sjókvíaeldis útlendinga bakdyramegin inn í íslenska landhelgi í gegnum íslensk skráð hlutafélög. Kanna þarf hvort meirihlutaeign útlendinga í eldisfyrirtækjum standist stjórnarskrá og gildandi lög um aðgengi að notkun sjávar í íslenskrum landhelgi. Norskur eigandi Arnarlax hefði þurft að borga heima hjá sér 15 milljarða króna fyrir 10.000 tonna eldisleyfi sitt í Arnarfirði. Hér minna en 0,1% af leyfisgjaldinu í Noregi. Ekkert er nefnt í frumvarpinu um erlenda eignaraðild sjókvíaeldisins. Full ástæða er til að skoða innrás norskra eldisfyrirtækja á íslenskt forráðasvæði með nánast ókeypiss afnotum af hafinu innan íslenskrar landhelgi. Og til samanburðar skoða bann erlendra aðila til fiskveiða á þessu sama íslenska hafsvæði. Þá er full ástæða til að ráðuneytið gerði grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku bæði í færeysku og norsku sjókvíaeldi.

Tafla 4. Umsagnir við fiskeldisfrumvarpið í mars 2019 er koma inn á eignarhald sjókvíaeldis.⁴²

Umsagnaraðili	Umsögn
Stangveiðifélag Reykjavíkur ⁴³	<ul style="list-style-type: none"> Fyrir liggur að hér á landi greiða sjókvíaeldisfyrirtækin ekkert fyrir eldisleyfin með sambærileg leyfi eru boðin upp á markaði í Noregi. Með lagabreytingu þessari væri í raun verið að afhenda sjókvíaeldisfyrirtækjunum bein eignarráð yfir rekstrarleyfunum á silfurfati og takmarka þannig óbein eignarréttindi yfir þeim hafsvæðum sem rekstrarleyfin taka til.

³⁷ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=148&mnr=457>

³⁸ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-1559.pdf>

³⁹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-1518.pdf>

⁴⁰ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1256](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1256)

⁴¹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1256&uid=cf21fc50-631a-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1256&uid=cf21fc50-631a-e911-944c-005056850474)

⁴² <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=647>

⁴³ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4899.pdf>

LEIÐBEININGAR FYRIR FJÖLMIÐLA

NASF, Verndar-sjóður villtra laxastofna ⁴⁴	<ul style="list-style-type: none">Í íslenskum sjávarútvegi eru lög sem takmarka eignaraðild erlendra aðila. Sama ætti að gilda um fiskeldi þar sem fiskur er alinn í sjó. Norsk eldisfyrirtæki hafa farið frá einu landi til annars þar sem þau hafa iðulega verið stöðvuð þegar skaðinn er orðinn nógu mikill.
Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið LAXINN LIFI og nokkurra veiðifélagið og veiðiréttarhafa ⁴⁵	<ul style="list-style-type: none">Mótmælt er innrás sjókvíaeldis útlendinga bakdyramegin inn í íslenska landhelgi í gegnum íslensk skráð hlutafélög. Kanna þarf hvort meirihlutaeign útlendinga í eldisfyrirtækjum standist stjórnarskrá og gildandi lög um aðgengi að notkun sjávar í íslenskri landhelgi. Norskur eigandi Arnarlax hefði þurft að borga heima hjá sér 15 milljarða króna fyrir 10.000 tonna eldisleyfi sitt í Arnarfirði. Hér minna en 0,1% af leyfisgjaldinu í Noregi. Ekkert er nefnt í frumvarpinu um erlenda eignaraðild sjókvíaeldisins. Full ástæða er til að skoða innrás norskra eldisfyrirtækja á íslenskt forráðasvæði með nánast ókeypis afnotum af hafinu innan íslenskrar landhelgi. Og til samanburðar skoða bann erlendra aðila til fiskveiða á þessu sama íslenska hafsvæði. Þá er full ástæða til að ráðuneytið gerði grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku bæði í færeysku og norsku sjókvíaeldi.

⁴⁴ [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=f21a1065-8b17-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=f21a1065-8b17-e911-944c-005056850474)

⁴⁵ <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4859.pdf>